

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Kópavogsbraut 59. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 10. mars 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 59 við Kópavogsbraut.

Í tillögunni felst að lóðin verði óskipt og þar rísi tvö stakstæð hús og eitt parhús. Húsin verði ein hæð og ris og í hverju þeirra ein íbúð, alls fjórar íbúðir. Á þremur húsanna er miðað við að mænir þeirra verði samsíða Kópavogsbraut og á því fjórða verði mænirinn hornrétt á Kópavogsbraut. Heildarflatarmál hvers íbúðarhluta er áætlað að hámarki 110 m<sup>2</sup> þannig að samtals er ráðgert að byggja 440 m<sup>2</sup> á lóðinni og nýtingarhlutfall um 0,4. Í tillögunni er miðað við að mesta hæð fyrirhugaðra bygginga verði 7,5 m miðað við aðkomuhæð og að svalir geti náð allt að 1,6 m út fyrir byggingarreit. Miðað er við tvö stæði á íbúð, alls átta stæði, fjögur verði með aðkomu frá Kópavogsbraut og fjögur frá Suðurvör.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 29. júní 2020.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.